



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2024
Tilv. 2405032/0.7.3

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn (gjaldskrá, rafræn skil), 938. mál.

Vísað er í erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 3. maí síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn, 938. mál. Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við Þjóðskjalasafn Íslands. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er tilefni þess ákvörðun tveggja sveitarfélaga að leggja niður héraðsskjalasöfn sín og koma verkefnum og gögnum þeirra til Þjóðskjalasafns samkvæmt lögum. Þjóðskjalasafn Íslands hefur unnið með umræddum sveitarfélögum að tilfærslu verkefna og safnkosts þeirra til Þjóðskjalasafns. Það er mat Þjóðskjalasafns að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu geri löginn skýrari og mikilvægt að þær nái fram að ganga.

Sérstaklega vill Þjóðskjalasafn nefna að mikilvæg er breyting á gjaldskrárheimildum þar sem lagt er til að Þjóðskjalasafn fái m.a. heimild til að taka gjöld af sveitarfélögum sem eru afhendingarskyld til safnsins vegna þjónustu sem safnið á að veita til þeirra samkvæmt lögnum. Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn eiga öll sveitarfélög að bera kostnað af langtímavörslu skjala sinna, annað hvort með því að reka sjálf héraðsskjalasafn, eða að vera aðili að slíku safni, eða með því að afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns og greiða fyrir vörsluna. Hingað til hefur Þjóðskjalasafn eingöngu verið gert kleift að taka gjald fyrir vörslu skjala sveitarfélaga en ekki fyrir aðra þjónustu sem safnið á að veita samkvæmt lögnum, þ.e. ráðgjöf um skjalahald, eftirlit með því og miðlun gagna. Nái umrædd breyting fram að ganga verður jafnræði á milli sveitarfélaga er varðar kostnað við langtímavörslu skjala þeirra betur tryggt en nú er.

Jafnframt vill Þjóðskjalasafn sérstaklega leggja áherslu á mikilvægi breytingartillögu um að meginreglan verði að skjöl afhendingarskyldra aðila verði afhent til opinbers skjalasafns á rafrænu formi til langtímavarðveislu. Með því er stutt við stafræna vegferð hins opinbera, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Þá má færa rök fyrir því að varðveisla upplýsinga hins opinbera, sem að nánast öllu leyti er á rafrænu formi, verði betur tryggt með rafrænni varðveislu en með útprentun á rafrænum gögnum á pappír, m.a. vegna þess að ekki er hægt að varðveita öll rafræn gögn á pappír og gagnatap verður við útprentun gagna úr rafrænum kerfum til varðveislu.

Undirrituð eru tilbúin að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar ef eftir því er óskað.

Virðingarfyllst,

Hrefna Róbertsdóttir

Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður

Njörður Sigurðsson

Njörður Sigurðsson
aðstoðarþjóðskjalavörður